

Alþingi
Erindi nr. P 130/762
komudagur 20.1.2004



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. janúar 2004

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um váttryggingarsamninga, 204. mál, heildarlög

Af hálfu Læknafélags Íslands eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við 82. gr. frumvarpsins.

Félagið telur að of langt sé gengið með lokamálslið 1. mgr. 82. gr. Vandasamt getur verið að skera úr um hvað séu sérstök atriði sem váttryggingartaki má vita að hafi verulega þýðingu fyrir mat tryggingafélags á áhættu. Á það ekki síst við á tímum þar sem læknávisindum fleygir fram og þeim atriðum fjölgar hratt sem hægt er halda fram að váttryggingartaki hefði mátt vita um. Er full ástæða til að óttast að tryggingafélög myndu nýta sér lagaákvæði sem þetta til að losna við greiðslu bóta. Er í þessu tilfalli sérstaklega vakin athygli á aðstöðumun þar sem tryggingafélög hafa mun betri tækifæri á að fylgjast með framþróun í læknávisindum heldur en einstakir váttryggingatakar og eiga því sjálf auðveldar með að upplýsa um sérstök atriði sem verulega þýðingu hafa. Ef talin er þörf á ákvæði sem þessu er mun eðlilegra að það komi fram í samningum þeim sem tryggingafélögin gera við einstaka váttryggingartaka þar sem þá koma til skoðunar almennar reglur samningaréttar, m.a. um túlkun staðlaðra samningsskilmála.

Félagið telur að efnisatriði 2. mgr. 82. gr. séu jákvæð en vill þó benda á að of þröngt sé að einskorða ákvæðið við erfðaeiginleika manns því önnur atriði ættu einnig að geta átt undir ákvæðið, s.s. umhverfis- og lýðfræðileg atriði. Þá er ákvæðið of opið hvað varðar athugun á núverandi eða fyrra heilsufari mannsins eða *annarra einstaklinga*.

Virðingarfyllst,
fn. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður